



## TM - Uppgjör annars ársfjórðungs 2020

### Viðsnúningur í rekstri á fjórðungnum

- Hagnaður TM samstæðunnar á tímabilinu nam 1.479 m.kr. eftir skatta
- Ávöxtun fjárfestinga á fjórðungnum var 5,4%
- Afkoma váttrygginga var jákvæð um 498 m.kr. og samsett hlutfall 88,9%\*
- Afkoma af fjármögnunarstarfsemi var jákvæð um 92 m.kr.
- Talsverður vöxtur í nýjum leigusamningum og útlánum á tímabilinu
- Hagnaður samstæðunnar af rekstri fyrstu sex mánuði ársins var 135 m.kr.
- Hagnaður fyrir skatta næstu 12 mánuði er áætlaður um 2,6 ma.kr.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

*„Eftir afar erfiðan fyrsta ársfjórðung sveiflaðist afkoma TM á öðrum fjórðungi til hins betra. Afkoma fjárfestinga á fjórðungnum var mjög góð, jákvæð um 1.384 m.kr., sem má einkum rekja til góðrar ávöxtunar innlendra hlutabréfa.*

*Jákvæð teikn mátti sjá í váttryggingastarfsemi á fjórðungnum og almennt fer tjónatíðni lækkandi. Stórtjón setja mark sitt á uppgjör fjórðungsins, en þrátt fyrir það var samsett hlutfall á tímabilinu tæp 89% og lækkaði nokkuð frá síðasta ári.*

*Afkoma Lykils batnaði sömuleiðis til muna á fjórðungnum, enda fyrsti ársfjórðungur lítaður af áhrifum COVID-19 faraldursins og einskíptiskostnaði vegna kaupa TM á Lykli. Sumarmánuðirnir hafa verið líflægir í nýjum útlánum hjá félaginu og staða leigusamninga og útlána jókst um 9% á fyrri árshelmingi.*

*Á fjórðungnum hefur verið unnið náið með fjölda viðskiptavina vegna greiðsluvanda, einkum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum, greiðslufrestir veittir og svigrúm skapað til að leita lausna. Horfur eru á að slík verkefni verði nokkuð umfangsmikil á komandi mánuðum.*

*TM hefur haldið áfram að þróa nýjar þjónustuleiðir og nú geta viðskiptavinir auðkennt sig með rafrænum skilríkjum í netspjalli við starfsmenn TM á vefnum. Með slíkri auðkenningu er hægt að ljúka mun fleiri málum með þessari þægilegu þjónustuleið sem sífellt fleiri kjósa að nota. Mikil aukning hefur orðið í notkun viðskiptavina á rafrænum lausnum á árinu og nú er svo komið að hægt er fá lausn á nánast öllum erindum í gegnum TM appið eða heimasíðu félagsins.*

*TM gefur nú út rekstrarspá að nýju og gerir ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2020 verði um 95% og að hagnaður af rekstri verði um 1,4 ma.kr. Til næstu 12 mánaða er gert ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta verði um 2,6 ma.kr.“*

### **Samsett hlutfall á fjórðungnum 88,9%**

Eigin iðgjöld á öðrum ársfjórðungi stóðu nánast í stað borin saman við sama tímabil árið 2019, sem má að mestu leyti rekja til stefnu félagsins að draga úr umsvifum í erlendum skipatryggingum og samdráttar í ferðapjónustu. Þrátt fyrir stórt brunatjón sem varð í Hrísey í maí lækka eigin tjón um 6,2% á fjórðungnum, sem skilar lækkun samsetts hlutfalls á tímabilinu. Samsett hlutfall á fjórðungnum var 88,9% samanborið við 92,2% á öðrum ársfjórðungi 2019.

Fyrstu sex mánuði ársins var afkoma váttrygginga 410 m.kr. sem er lakara en á sama tímabili 2019 þegar afkoma váttrygginga var 517 m.kr. Framlegð váttrygginga batnar þó á tímabilinu, en vegna lægri úthlutaðra fjárfestingatekna verður afkoman verri. Samsett hlutfall á fyrri árshelmingi hækkar milli ára og var 96,5% samanborið við 95,9% árið 2019.

### **Góður vöxtur í útlánum hjá Lykli**

Fjárfesting í bílum og tækjum var mikil á öðrum ársfjórðungi, sem skilaði sér í góðum vexti nýrra útlána til ökutækjakaupa. Júní var t.a.m. stærsti mánuður í sögu félagsins þegar kemur að nýjum útlánum til kaupa á ökutækjum. Aðstæður sem skapast hafa vegna COVID-19, sem og lægra vaxtastig í landinu, virðast hafa haft góð áhrif á fjárfestingu í bílum og tækjum.

### **Mjög góð ávöxtun af fjárfestingum á fjórðungnum**

Fjárfestingatekjur námu 1.384 m.kr á öðrum ársfjórðungi 2020 sem jafngildir 5,4% ávöxtun. Það er besta ávöxtun fjáreigna á einum ársfjórðungi frá því að félagið var skráð aftur á markað árið 2013.

Innlendir verðbréfamarkaðir voru hagfelldir á öðrum ársfjórðungi. Mjög góð afkoma var af skráðum og óskráðum hlutabréfum, en afkoma af þessum eignaflokkum skýrir rúmlega helming af fjárfestingatekjum fjórðungsins. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 18,6% á tímabilinu en til samanburðar hækkaði hlutabréfavísitala Gamma um 16,4% á sama tíma. Góð ávöxtun af óskráðum hlutabréfum skýrist af eignarhlutum í Eyri og S121. Á fjórðungnum voru gerðar ákveðnar varúðarfærslur á fasteignatengdum verkefnum vegna efnahagsóvissunnar.

Fjárfestingatekjur námu 1.217 m.kr. á fyrri árshelmingi sem jafngildir 4,7% ávöxtun.

### **Hagnaður næstu 12 mánaða áætlaður um 2,6 ma.kr.**

Rekstrarspá félagsins til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir að hagnaður verði um 2,6 ma.kr. fyrir skatta og að samsett hlutfall váttrygginga verði um 95%.

Afkoma fjármögnunar er áætluð um 500 m.kr. og ávöxtun fjárfestinga um 6,5%.

### **Kynningarfundur kl. 16.15 miðvikudaginn 26. ágúst**

Kynning á afkomu TM á öðrum ársfjórðungi verður haldin þann 26. ágúst kl. 16.15. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum félagsins að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynnir Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörið og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

TM.is/fjarfestar

### **Fjárhagsdagatal 2020**

3. ársfjórðungur: 29. október 2020.

4. ársfjórðungur: 17. febrúar 2021.

Aðalfundur 2021: 18. mars 2021.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.

[sigurdur@tm.is](mailto:sigurdur@tm.is).

*\*Samsett hlutfall er reiknað út í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020. Hlutfallið er samanlagt tjónshlutfall, kostnaðarhlutfall og endurtryggingahlutfall reiknað út frá iðgjöldum tímabilsins. Ekki er tekið tillit til vaxta- og gengisbreytinga í samsettu hlutfalli.*